

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Ellefti fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 19. maí 2021. Fundur hófst kl. 13:30.

Fundinn sátu: Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Puríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Freyja Pétursdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar og Steinar Kaldal f.h. umhverfis-og auðlindaráðuneytis. Forföll boðaði Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytisins.

Þetta gerðist:

1. Forgreining á innviðabörf

Farið var stuttlega yfir skýrslu Vestfjarðastofun um forgreiningu á innviðabörf í hugsanlegum þjóðgarði. Starfshópurinn telur skýrsluna endurspegla vel umræðuna sem átt hefur sér stað innan hópsins um mögulega innviði sem huga þyrfti að ef af þjóðgarði verður. Einnig var nefnt að mikilvægt væri að hafa Minjastofnun með í ráðum við þá greiningarvinnu sem framundan er. Efniviður skýrslunnar, sem er fyrsti hluti af frekari greiningu sem fram mun fara á næstu mánuðum, mun nýtast í skýrslu starfshópsins.

2. Friðlýsingarskilmálar

Farið var yfir skilmálana með tillögum að breytingum vegna athugasemda sem borist hafa. Starfshópurinn var samþykkur þeim breytingatillögum sem Umhverfisstofnun lagði til.

3. Skýrsla

Haldið var áfram yfirferð yfir texta skýrslu starfshópsins. Skýrslan hafði áður verið send starfshópnum til yfirlestrar í lokadrögum. Í kjölfar umræðu og yfirferðar mun skýrslan verða uppfærð og lokaútgáfa send á starfshópinn nokkru fyrir lokafund starfshóps. Þannig verður fulltrúum í hópnum gefinn kostur á að lesa skýrsluna yfir og senda athugasemdir fyrir lokafund starfshóps 10.júní næstkomandi þar sem til stendur að hópurinn samþykki skýrsluna.

4. Önnur mál

Minnt var á opinn kynningarfund um þjóðgarðinn og farið yfir skipulag hans.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 14:35.